



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnarhætti

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Umsögn um stjórnarhætti: Icelandair Group hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttanna fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Icelandair Group hf. fái viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af endurskoðendafyrirtækinu KPMG ehf. í ágúst 2012.

Niðurstaða úttektar KPMG ehf. á stjórnarháttum Icelandair Group hf. gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum fyrir Icelandair Group og starfsreglum stjórnar. Stjórnin hefur bæði eftirlitshlutverk og stefnumarkandi hlutverk. Stjórnin hefur jafnframt samfélagslegt hlutverk. Verkefni stjórnar eru skilgreind í upphafi árs og hlutverk stjórnar er endurmetið árlega.

Hvað má betur fara: Skilgreina þarf betur hvað eru mikilvægar ákvarðanir sem þurfa að fara fyrir stjórn.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verkefni stjórnar eru vel skilgreind. Verkefni stjórnar eru í samræmi við hlutverk og starfsreglur stjórnar. Stjórnin og undirnefnd stjórnar fara reglulega yfir helstu áhættuþætti sem Icelandair Group stendur frammi fyrir. Stjórnin hefur aðgang að gagnagrunni þar sem fundargerðir og fylgiskjöl eru aðgengileg. Stjórnin gerði endurmat á störfum sínum í fyrsta skipti árið 2012 sem hefur þann tilgang að bæta vinnuaðferðir og skilvirkni stjórnar.



Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin er virk miðað fjölda og lengd funda (þrettán stjórnarfundur á ári, 2 klukkustundir og 45 mínútur hver að jafnaði og þrír óformlegir stefnumótunarfundir). Árlega er skipulagður fundur með stjórn og öllum framkvæmdastjórum Icelandair Group. Stjórnarmenn virðast vel upplýstir um stöðu og stefnu fyrirtækisins. Innri endurskoðandi starfar með endurskoðunarnefnd stjórnar. Fundargerðir eru ítarlegar og skýrar.

Hvað má betur fara: Stjórnin mætti skilgreina hvaða upplýsingar hún þarf að fá og hvort að þörf sé fyrir upplýsingar sem koma frá óháðum útektaraðilum.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur stjórnar voru endurskoðaðar og samþykktar árið 2012. Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum. Almennar siðareglur sem gilda fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins voru endurskoðaðar og samþykktar árið 2011.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa víðtæka þekkingu. Stjórn félagsins skipa: Sigurður Helgason, Úlfar Steindórsson, Herdís Dröfn Fjeldsted, Katrín Olga Jóhannesdóttir og Ásthildur Margrét Otharsdóttir. 60% stjórnarmanna eru konur og 40% karlmenn. Aldursdreifing stjórnarmanna er frá 41 til 66 ára aldurs og meðalaldur 51,3 ár. Nýir stjórnarmenn eru upplýstir um starfsemi félagsins.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áður nefndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.